

# “Vinnustaðasamningur fyrir óreglulegan vinnutíma.”

## Fyrir starfsfólk deildar 44 hjá SVN

Í samræmi við fyrirtækjapátt kjarasamninga (kafla 5) er gerður vinnustaðasamningur um vinnufyrirkomulag og vinnutíma í uppsjávarvinnslu milli Sildarvinnslunnar hf. (SVN) og AFL Starfsgreinafélags (AFL).

### 1. Greiðsla 12 tíma vakta Dagvakt (DV) kl. 07:00-19:00 – Næturvakt (NV) kl.19:00-07:00

DV fyrstu 4 klst dagvinnutaxti og 8 klst næturvinnutaxti + 12 bónustímar frá mán til föst  
NV fyrstu 4 klst dagvinnutaxti og 10 klst næturvinnutaxti + 12 bónustímar frá mán til föst

Frá kl.07:00 á laugardegi borgast allir tímar með næturvinnutaxta til kl.07:00 á mánudegi.  
Hafin vakt borgast að fullu.

### 2. Skipulag vakta

- i) Þrí skiptar vaktir, unnar 6 vaktir og frí 3 vaktir.  
Vakta tafla fyrir þrí skiptar vaktir skal liggja fyrir í upphafi vertíðar.
- ii) Tví skiptar vaktir  
Verkstjóri jafnar vöktum milli dagvakta og næturvakta í samráði við starfsmenn.

Við skipulagningu vakta er haft í huga magn kvóta fyrir komandi vertíð, fyrsti kostur skal vera þriggja vakta skipulag. Ef magn kvóta er með minna móti eða minna magn kvóta undir lok vertíðar þá er notað tveggja vakta skipulag. Þegar skipt er yfir í tvískiptarvaktir þá skal vera að lágmarki tveggja sólarhringa fyrirvari.

### 3. Vinnuskylda

Við upphaf vakta tarnar þá skal borga 8 vinnustundir á virkum degi.  
Starfsmanni skal tryggð 40 stunda vinnuvika frá mánudegi til sunnudags eftir að formleg vertíð hefst og vaktir byrja.

(Starfsmaður á fyrstu næturvakt í vaktatörn. Tímaskriftin fyrir þá vakt er 4 DV og 10 NV. Frá klukkan 19:00 til 00:00 á þessari vakt eru 6 klst. Bætast þá við 2 DV stundir á fyrstu næturvaktina. Þá verður tímaskriftin 6 DV og 10 NV fyrstu næturvaktina.)

### 4. Boðun og slit vakta

Vakt er boðuð með a.m.k. 12 tíma fyrirvara í SMS skilaboðum t.d. *Vakt annað kvöld (05.07) kl 19:00*

Vaktaslit skal tilkynna með a.m.k. 12 tíma fyrirvara. Við vaktaslit skal starfsfólk mæta til vinnu kl. 07:00 daginn eftir á virkum degi – þó þannig að 11 stunda lágmarkshvöld sé náð.

Vakta slit eru boðuð með SMS skilaboðum, þar kemur fram hvenær vöktum ljúki og dagvinna hefjast að nýju. Dæmi: *Vöktum slitið, síðasta vakt kl.19 (06.07). Dagvinna hefst (07.07) kl 07:00*

Á virkum dögum þegar sent er SMS sem segir vakt slitið og næturvakt á að bíða heima, þá er greitt 8 klst í dagvinnu. Þetta á ekki við um helgar.

Við ákvörðun um vaktaslit þá skal stefnt að því að vinnsluþrif séu búin.

Ef vinnsluþríf eru ekki búin samkvæmt þrífáúttekt sem framkvæmd er í lok síðustu vaktar skal borga vaktakaup í dagvinnunni frá 07:00 til 15:00. Ef unnið er umfram 15:00 þá skal borga ígildi vaktar.

#### 5. Vinnufyrirkomulag

Stefnt er að vinna eftir pásukerfi þar sem vinnulota er að hámarki 100 mín og neysluhlé skal vera að lágmarki 120 mín á 12 tíma vakt.

#### 6. Frítökuréttur

Þegar unnið er á tvískiptum vöktum og vaktir eru frá mánudegi til sunnudags skal frítökuréttur vera 8 klst, ef unnið er frá mánudegi í 14 daga skal frítökuréttur vera 16 klst.

Ef unnið er samfleytt á vöktum í meira en 14 daga þá skal á 15 degi og eftir það borga 4 klst í frítökurétt fyrir hvern unninn dag.

#### 7. Gildistími

Gildistími samnings þessa er til 3ja mán frá og með 01.06.2024 ef ekki koma fram athugasemdir á þeim tíma þá verður gildistíminn ótímabundinn með uppsagnarákvæði samkvæmt grein. 5.9 í aðalkjarasamningi AFLS/SGS við SA. Að öðru leyti gildir aðalkjarasamningur AFLS/SGS við SA. Fyrri vinnustaðasamningur fellur úr gildi við undirskrift.

#### Neskaupstað 18.04.2024

F.h. AFLS, Starfsgreinafélags.

\* Með fyrirvara um samþykki félagsmanna AFLS

Helga Björnsdóttir

KATRÍN UNNUR ELMARSD.

Natalia Bednarz

Fh. Síldarvinnslunnar hf.

Hákon Eriksen

Gteir Sigurpáll Hlötversson

Oddur Einarsson

Fyrir hönd AFLS:

Asdís Helga Jóhannsdóttir